

61

10. júlí

REGLUR

um

greiðslu bóta fyrir eignir íslenzkra skipverja, þær sem farizt hafa við sjóslys.

Samkvæmt fyrirmælum 41. gr. sjómannalaga nr. 41, 19. maí 1930 eru eftirfarandi reglur settar:

1. gr.

Útgerðarmanni ber að greiða bætur fyrir eignir íslenzkra skipverja, þær er farizt hafa við sjóslys, og greiðast bæturnar eftir þeim reglum, sem hér fara á eftir.

2. gr.

Bæturnar skulu nema sannvirði eigna þeirra, er fórust, og þó aldrei fara fram úr þeirri upphæð, sem hér greinir á eftir, nema samið hafi verið um hærri bætur.

A.

Á skipum í utanlandssiglingum, á flutninga- og farþegaskipum í innanlandssiglingum 100 smálesta eða stærri, svo og á varðskipum ríkisins:

- a. Til skipstjóra kr. 900.00
- b. — 1. stýrimanns eða 1. vélstjóra — 700.00
- c. — annarra stýrimanna eða vélstjóra,
bryta eða loftskeytamanns — 550.00
- d. — annarra skipverja — 500.00

B.

Á fiskiskipum 100 smálesta eða stærri í innanlandssiglingum:

- a. Til skipstjóra kr. 550.00
- b. — 1. stýrimanns eða 1. vélstjóra — 500.00
- c. — annarra stýrimanna eða vélstjóra,
bryta eða loftskeytamanns — 450.00
- d. — annarra skipverja — 400.00

C.

Á skipum 12—100 smálesta í innanlandssiglingum:

- a. Til skipstjóra kr. 450.00
- b. — annarra skipverja — 400.00

D.

Á skipum 12 smálesta eða stærri, er skipverjar búa ekki í:

- a. Til skipstjóra kr. 200.00
- b. — annarra skipverja — 175.00

3. gr.

Nú hefir skipverji misst við sjóslys bækur, sjófræðiáhöld, smíðatól eða annað slíkt, er hann þurfti að hafa á skipi til þess að geta innt þar af hendi starf sitt, og hann átti sjálfur að leggja sér til, og skal þá útgerðarmaður bæta honum þessar eignir, enda þó bótaupphæð til hans fyrir þessar sakir fari fram úr hámarksupphæð þeirri, sem ræðir um í 2. gr.

4. gr.

Nú er sá maður látinn, er átti eignir þær, sem bæta skal, og ganga þá bætturnar til bús hans eða erfingja. Skal er þannig stendur á, greiða hámark bóta samkvæmt 2. gr., nema útgerðarmaður færi nægar líkur að því, að tjónið hafi numið minni upphæð.

Sé sá, sem eignirnar átti, hinsvegar á lífi, skal honum skylt að gefa að viðlögðu drengskaparorði skýrslu um muni þá, er hann hefir misst, og sennilegt verð þeirra.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 10. júlí 1931.

S. Kristinsson.

Vígfús Einarsson.

REGLUGERÐ

fyrir

Skagafjarðarsýslu um hreinsun hunda af bandormum og varnir gegn sullaveiki.

1. gr.

Allir hundar í sýslunni tveggja mánaða og eldri skulu hreinsaðir af bandormum og baðaðir á tímabilinu frá 1. nóvember til 1. desember ár hvert. En auk þess getur sýslunefndin fyrirskipað aðra allsherjarhreinsun hunda, er henni þykir ástæða til.

2. gr.

Sýslunefndin sér um framkvæmdir á hundahreinsun í sýslunni og skal oddviti, í samráði við héraðslækna, ráða einn eða fleiri menn til starfsins. Skulu þeir menn hafa notið tilsagnar læknis áður en þeir hefja starfið, og hlýða leiðbeiningum hans.

3. gr.

Hundahreinsunarhús með baðkeri, eitt eða fleiri, skal hreppsnefnd sjá um, að til séu í hverjum hreppi, og greiðist kostnaður af þeim úr sveitarsjóði.